



SAMÞYKKTIR

um úthlutun íbúða fyrir aldraða og öryrkja

Samþykktin gildir fyrir úthlutun félagslegra íbúða aldraðra í Langanesbyggð í eigu sveitarfélagsins

1. gr.

Samþykktir þessar gilda um úthlutun íbúða aldraða að Bakkavegi 23 og íbúða í Miðholti 10 á Þórshöfn.

2. gr.

Markmið með þessum íbúðum er að koma til móts við íbúa í sveitarfélögunum sem að sökum félagslegra eða heilsufarslegra ástæðna geta ekki séð um sig sjálf í eigin íbúð án stuðnings.

3. gr.

Forsendur fyrir leigu eru eftirfarandi:

1. Umsækjandi sé orðinn ellilífeyrisþegi eða öryrki skv. mati.
2. Umsækjandi skuli hafa haft lögheimili í sveitarfélaginu í a.m.k. 12 undangengna mánuði.
3. Umsækjandi geti vegna aðstæðna sinna ekki búið á núverandi heimili.

4. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum 3. gr., en umsækjendur skal meta skv. eftirtöldum mativiðmiðum:

1. Lögheimili staða

STIG

| | |
|--|---|
| Umsækjandi er ekki með lögheimili í Langanesbyggð. | 0 |
| Umsækjandi er með lögheimili í Langanesbyggð amk. sl. 12 mánuði. | 4 |

2. Húsnæðisstaða

STIG

| | |
|---|---|
| Er með húsnæði, húsaleiga er minni en 20% af heildartekjum heimilisins. | 0 |
| Er með húsnæði, húsaleiga er meira en 20% af heildartekjum heimilisins. | 1 |
| Er með húsnæði, húsaleiga er meiri en 30% af heildartekjum heimilisins. | 2 |
| Óöruggt/ótryggt eða óhentugt húsnæði. | 3 |
| Umsækjandi gistir á gistiheimili. | 4 |
| Heilsuspillandi húsnæði eða óíbúðarhæft af öðrum ástæðum. | 4 |



3. Félagslegar aðstæður umsækjanda

STIG

| | |
|---|---|
| Félagslegum aðstæðum umsækjanda er ekki ábótavant. | 0 |
| Mismunur á mánaðarlegri innkomu og útgjöldum er neikvæður og umsækjandi nær ekki endum saman. | 2 |
| Stuðningur aðstandenda umsækjanda er takmarkaður. | 3 |
| Stuðningur á fyrri heimili hefur verið reyndur. | 3 |
| Umsækjandi glímir við alvarleg langvinn veikindi. | 4 |
| Annað mikilvægt sem þarf að koma fram | |

5. gr.

Sækja skal um félagslegar íbúðir hjá skrifstofu Langanesbyggðar á þar til gerð eyðublöð eða senda póst á langanesbyggd@langanesbyggd.is. Umsóknum skal fylgja yfirlýsing um tekjur og núverandi húsnæðisaðstöðu.

6. gr.

Fagráð félagslegra íbúða í Langanesbyggð metur umsóknir og aflar frekari upplýsinga um aðstæður umsækjanda eftir þörfum og gerir tillögur um úthlutun til Velferðar- og fræðslunefndar. Í fagráði situr forstjóri Nausts, hjúkrunarfræðingur heimahjúkrunar HSN og starfsmaður félagsþjónustu Norðurþings.

7. gr

Velferðar og fræðslunefnd úthlutar íbúðum. Við úthlutun skal tekið tillit til heilsufars , húsnæðis og félagslegra aðstæðna umsækjanda á grundvelli mats fagráðs félagslegra íbúða í Langanesbyggð.

8. gr

Umsóknir skal endurnýja á 12 mánaða fresti, ella falla þær úr gildi. Lausum íbúðum verður úthlutað á næsta fundi Velferðar- og fræðslunefndar. Lausar íbúðir verða ekki auglýstar nema ef engar umsóknir liggja fyrir.

9. gr

Velferðar- og fræðslunefnd getur farið fram á það við fagráð að endurmeta þörf leigjenda fyrir félagslegri íbúð.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 34. fundi 22. ágúst 2024

Björn S. Lárusson
Sveitarstjóri

